

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 LAUGARVATN

Garðabær, 20. maí 2022  
Málsnúmer: 202204-0009  
BK

## Efni: Aðalskipulagsbreyting vegna stækkunar skógrækarsvæðis í landi Skálholts í Bláskógabyggð

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 6. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagsbreytingu vegna Skálholts L167166 í Bláskógabyggð. Á jörðinni Skálholti er um 38 ha skógræktarsvæði SL12 sem til stendur að stækkað verði í 181 ha yfir land sem í gildandi skipulagi er landbúnaðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í aðalskipulagsbreytingunni er svæðið vel gróið og skv. vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) hafa helstu vistgerðir innan svæðisins, utan skógræktar, mjög hátt verndargildi. Á loftmyndum má sjá að það svæði sem ekki hefur þegar verið tekið undir skógrækt er nokkuð heillegt. Út frá vistgerðum má auk þess ganga að því vísu að á svæðinu sé mikill þéttleiki vaðfugla.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás varpþéttleika vaðfugla sem flestir eru ábyrgðartegundir Íslands en til þeirra teljast tegundir þar sem  $\geq 20\%$  af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýta Ísland til varps eða eiga hér viðkomu á fartíma.

Svæðið er einnig líklega undir hvað mestu álagi í dreifbýli á Íslandi og eru ýmsar hættur sem stöðja að búsvæðum vaðfugla á svæðinu. Má þar nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglandi, aukinn fjölda sumarhúsabyggða og dreifingu lúpínu. Auk þess mun hækkandi hitastig vegna loftslagsbreytinga og minnkandi sauðfjárbreit víða leiða til hávaxnari og þéttari gróðurs. Þetta leiðir til þess að búsvæði fugla munu glatast þar sem langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi.

Nýlega kom út greinin *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla* í Náttúrufræðingnum (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020) og ættu allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli að kynna sér efni þessarar greinar. Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í 1. töflu sem fylgir með hér fyrir neðan.



Í greininni er m.a. rætt um mikilvægi þess að vanda vel til verka þegar kemur að skógrækt til að takmarka búsvæðatap vaðfugla. Ekki er einungis um að ræða það svæði sem fer undir skógræktina heldur hefur skógur einnig jaðaráhrif sem nær töluverða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær. Því getur búsvæðatap vaðfugla vegna skógræktar verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu. Skjólbelti ætti einnig að nota sparlega og helst í grennd við önnur fyrirbyggjandi mannvirki sem þegar hafa fælandi jaðaráhrif.

Það vill svo til að á árunum 2012-2013 fóru fram mófuglatalningar á vegum Náttúrufræðistofnunar á sniði sem lá yfir lönd Spóastaða, Hrosshaga og Skálholts. Líkt og við var að búast reyndist sniðið afar ríkt af vaðfuglum. En greinilegan mun mátti þó sjá á tegundasamsetningu innan skógræktar þar sem vaðfuglar hverfa fyrir utan hrossagauk sem er eina vaðfuglategundin sem þrífst í skóglendi. Þessar niðurstöður eru lýsandi dæmi um afleiðingar skógræktar á búsvæði vaðfugla.

Í kafla 4.2.1 eru eftirfarandi valkostir bornir saman:

- **Breytt skipulag.** Skógræktarsvæðið SL12 verður stækkað úr 38 ha í 181 ha.
- **Núll – kostur.** Skógræktarsvæðið verður óbreytt og hluti svæðis áfram landbúnaðarland.

## Breytt skipulag

*Áhrif á loft eru jákvæð. Með meiri skógrækt binst meira af kolefni í gróðri og jarðvegi. Með því að planta ekki í blautasta svæðið er stuðlað að því að kolefni verði áfram bundið í votlendi á svæðinu.*

Hversu öflug kolefnisbinding skógræktar getur orðið er mjög háð aðstæðum hverju sinni og hvort endurnýjun skógs á sér stað eða ekki. Þá tekur nokkur ár frá því að græðlingum er plantað og þar til kolefnisbinding hefst. Enn fremur þarf að hafa í huga að skóglaut gróið land bindur einnig kolefni og í mörgum tilfellum getur endurheimt annars konar gróðurlenda af ýmsum toga verið heppilegri leið fyrir langtíma kolefnisbindingu og á það bæði við þurrlendi og votlendi.

*Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg/jákvæð að því gefnu að við skipulag skógræktar á svæðinu verði tekið tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og vistgerða með mjög hátt verndargildi. Settir eru skilmálar um að ekki skuli plantað í blautasta svæðið, þannig má viðhalda votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla.*

Ekki kemur fram hvaða trjátegundir er um að ræða en stafafura er t.d. skilgreind sem ágeng tegund víða og dreifist auðveldlega á nærliggjandi svæði og getur þannig rýrt verndargildi þeirra. Ekki er hægt að halda því fram að áhrif á fugla verði óveruleg/jákvæð þar sem skógræktin felur í sér umtalsvert búsvæðatap vaðfugla á svæði þar sem þéttleiki þeirra er mjög



mikill. Votlendi er mikilvægt varpsvæði en áhrifa þess gætir langt út fyrir mörk sín og því eru nærliggjandi þurrlendisvistgerðir einnig ríkar af fuglum, t.d. heiðlóu og spóa.

*Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Með meiri skógrækt breytist ásýnd svæðisins og landslag á svæðinu hverfur í skóg. Skógur breytir alltaf ásýnd lands, sérstaklega í allra næsta nágrenni en alltaf matsatriði hvað er jákvæð breyting. Settir eru skilmálar um að ekki skuli plantað í beinar línur þannig að skógurinn fái náttúrulegra yfirbragð.*

Hér mættu vera upplýsingar um það hvernig þessi niðurstaða var fengin. Hvaða aðferðafræði var beitt við flokkun á landslagi, mat á verndargildi þess og mat á áhrifum framkvæmda á landslag?

### **Núll kostur**

*Áhrif af núll kosti eru sambærileg við áhrif af breyttu skipulagi. Helstu frávík eru að skógræktarsvæðið er talsvert minna og áhrif á ásýnd og landslag því minni. Svæðið verður áfram skógræktarsvæði og landbúnaðarland. Ætla má að landbúnaðarland verði að einhverju leyti nýtt til beitar.*

Hér vantar að taka fram að með núllkosti verður ekki frekari röskun á svæði þar sem finnst vistgerðir með mjög hátt verndargildi sem og mikilvæg búsvæði vaðfugla.

Brýnt er að sveitarfélög, sérstaklega innan Suðurlandsundirlendisins, marki sér stefnu um verndun og endurheimt búsvæða vaðfugla. Taka þarf tillit til þarfa þeirra við hvers kyns skipulag og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla, m.a. með því að skoða samlegðaráhrif framkvæmda með verndun tegundanna að leiðarljósi. Þá þarf að móta verklagsreglur um val á skógræktarsvæðum sem byggjast á greiningu af áhrifum skógræktar á þessar tegundir og ekki gefa leyfi fyrir nýskógrækt ef sterkar vísbendingar eru um stórfellt rask á búsvæðum vaðfugla.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að hlífa ætti umræddu svæði við frekari skógrækt, sérstaklega af því umfangi sem hér er lagt til.

### **Heimildir**

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.



1. tafla. Einfölduð tafla úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýtast einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar eru í megin-texta.

Landgerðir	Aðgerðir
Opið land	Vaðfuglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að hafa sem stærst svæði á láglandi með sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa loka landslaginu og valda því að vaðfuglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðfugla fylgja hóflegri sauðfjárbætur og hefðbundinn sauðfjárbúskapur er líklega víða ein af forsendum fyrir sterkum vaðfuglastofnum.
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendi er mikilvægt vaðfuglum og öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhalda tjörnum og blautum blettum, og jafnvel búa til slíkt votlendi innan um land sem er í notkun, t.d. landbúnaðarland
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á vorin og á varptíma (apríl-júlí) þar sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við ferðamannastaði.
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft meðfram ám og sjó, eru búsvæði verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðfugla. Í bráð eru þessi svæði í hættu vegna ágengra tegunda, einkum lúpínu, og í lengd vegna loftslagsbreytinga og stýringar vatnsfalla. Rík ástæða er til að vernda verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má til dæmis nefna eyrar meðfram ám á Suðurlandi og sanda við Öxarfjörð og Úthérað.
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka vaðfuglum og er því mikilvægt að huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikvarða. Við skógrækt ætti að kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að lágmarka lengd skógarjaðars þar sem skógarreitir minnka þéttleika vaðfugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntun í halla og á sem minnst grónu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðfugla. Mest er af vaðfuglum á frjósömum og grónum láglandissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á vaðfugla.
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagfelld sumum tegundum vaðfugla en mikilvægi þess virðist fara nokkuð eftir því hvað er í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grennd við landbúnað sem mest fyrir öðru raski en hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað land, s.s. breiðir óslegnir kantar í kringum spildur, gagnast sem hreiðurstæði. Mikilvægt er að viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landbúnaðarland. Líklegra er að ungar sleppi þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.
Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðfugla á landsmælikvarða. Mólendi á láglandi og lágheiðum er mikilvægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir vaðfugla en þar hefur mólendi verið skert mikið, einkum með frístundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa stærstu svæðunum sem eftir standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði í sérflokki sökum stærðar.
Mannvirki	Vaðfuglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og hávaxinn gróður og vegi. Best er að áhrifasvæði slíkra umsvifa skarist sem mest til þess að þau hafi áhrif á sem minnst flatarmál af búsvæðum vaðfugla á opnu landi. Mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru of knöpp til að tryggja sjálfsagða fuglavernd.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur  
Svið náttúruverndar

